

Bolungarvík, 1. desember 2011.

Alþingi
Erindi nr. P 140/624
komudagur 2.12.2011

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík. Netfang: Nefndasvid@althingi.is

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum (takmörkun á gildissviði laganna, reglugerðarheimild, EES-reglur). Þingmál nr. 138 á 140. löggjafarþingi.

Mikið er nú lagt upp úr því að efla ferðapjónustu hérlendis, ekki síst utan háannatímans, m.a. undir áttakinu „Ísland – allt árið“ sem nýverið var hleypt af stokkunum í kjölfar „Inspired by Iceland“ átaksins. Einn liður í því verkefni er að íbúar hérlendis eru hvattir til að bjóða ferðamönnum í heimsókn á heimili sín eða til að taka þátt í persónulegum viðburðum hjá sér. Má m.a. skrá sig á vef átaksins, www.inspiredbyiceland.is þar sem allt sem skráð er er opið þeim sem skoða vilja. Ekki er gert ráð fyrir að neitt sé greitt fyrir heimsóknina, þátttökuna eða veitingar sem kunna að vera á boðstólum í tengslum við hana og engin umgjörð er um þessar heimsóknir eftir því sem næst verður komist.

Þótt vissulega sé þetta hið ágætasta framtak er hætt við að margir séu ekki reiðubúnir að koma sjálfum sér á framfæri opinberlega og bjóða (ókunnu) fólki heim og jafnvel upp á veitingar án þess að einhver rammi sé utan um heimsóknina. Þá má ekki útiloka að einhver misnotkun geti jafnvel átt sér stað. Á sama hátt er ekki að öllu leyti þægilegt fyrir ferðamanninn að vera eingöngu þiggjandi á ókunnu heimili án þess að neitt komi á móti nema e.t.v. persónulegar gjafir. Fyrir báða aðila er bagalegt að hafa engan til að snúa sér til ef eitthvað er óljóst eða ef eitthvað kemur upp á.

Í þessu ljósi er til athugunar að stofna vettvang, m.a. vef, fyrir þá ferðamenn sem vilja fara í heimsókn á íslensk heimili og eftir atvikum þiggja veitingar og fyrir þá sem vilja bjóða ferðamönnum á heimili sín, án þess að ítarlegar upplýsingar um þá þurfi koma fyrir allra augu á vefnum. Er ráð fyrir því gert að þar verði að finna almennar samskiptareglur, þar verði boðin milliganga um greiðslur og að sá sem vill koma á heimili hérlendis greiði þeim sem kemur heimsókninni í kring fyrir hans vinnu við milligönguna enda geti ferðamaður og eins gestgjafi snúið sér til viðkomandi ef eitthvað kemur upp á eða er óljóst. Er við það miðað að gestgjafar fái að hámarki greiddan útlagðan kostnað vegna matarinnkaupa og ekki fyrir t.d. áfenga drykki. Yrði þóknun þeirra fyrir hvern gest sjaldnast hærra en 1.500 til 3.000 kr. og því gætu gestir ekki heldur gert sérstakar kröfur um annað en að fá staðgóða máltíð úr viðurkenndum hráefnum við sæmilegar aðstæður og almennt hreinlæti. Því fer hins vegar fjarri að um atvinnurekstur eða fjárhagslegan ábata geti orðið að ræða fyrir gestgjafann. Á hinn bóginn er það þægilegra fyrir ferðamanninn (gestinn) og hvatning fyrir gestgjafann að fá greiðslur upp í sinn útlagða kostnað, sem milliliður innti af hendi. Þessi starfsemi yrði undir eftirliti, athugun færi fram á heimilum og leitast við að búa svo um hnúta að ábyrgð væri borin bæði gagnvart gesti og gestgjafa á að allt gengi snurðulaust fyrir sig.

Starfsemi eða þjónusta eins og lýst er þekkt sums staðar erlendis. Eins og löggjöfin er í dag virðist ekki heimilt að þiggja eða gera ráð fyrir greiðslum af neinu tagi þótt veitingar séu í boði við aðstæður eins og hér er lýst. Þessari tegund affreyningar eða upplifunar fyrir ferðamenn er því mjög þröngur stakkur sniðinn. Ef einhverja umgjörð mætti hafa um þetta mætti gera þetta mun tryggara og þægilegra og væntanlega væri þá meira kallað eftir þessum möguleika af hálfu ferðamanna. Þeir sem byðu gestum á heimili sitt væru vart að því nema fyrst og fremst ánægjunnar vegna af að bjóða þeim á heimili sitt og af áhuga á að blanda geði við og kynnst nýju fólki. Íslensk gestrisni er vel kunn og má segja að hún sé með þessu gerð að útflutnings- eða viðskiptavöru - í jákvæðri merkinu.

Að framsögðu athuguðu er því hér með gerð tillaga um að sett verði í lögin ákvæði sem gerir starfsemi eða viðskipti sem þessi og tengjast meðferð matvæla heimila að lögum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Mætti orða ákvæði 1. gr. sem hér segir:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Á eftir 3. másl. 1. mgr. koma tveir þrjú nýir málsliðir, svohljóðandi: Lögin taka ekki til einstaklinga eða félagasamtaka sem matreiða og bjóða matvæli til neyslu án endurgjalds eða annars ávinnings við einstök tilefni. Lögin taka ekki heldur til einstaklinga eða félagasamtaka sem matreiða og bjóða til sölu matvæli beint til neytenda í þágu góðgerðarstarfsemi og stunda slíka starfsemi ekki að jafnaði og ekki í eigin hagnaðarskyni. Loks taka lög þessi ekki til einstaklinga sem fá gesti í einkahýbýli sín sem lið í skipulagðri ferðaþjónustu og veita mat sem matreiddur er á staðnum.

b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:


Ráðherra er heimilt að víkja frá einstökum ákvæðum laga þessara þegar um er að ræða framleiðendur sem:

a. afhenda frumframleiðsluvörur í litlu magni beint til neytenda eða til staðbundins smásölufyrirtækis sem afhendir matvæli beint til neytenda,

b. framleiða matvæli með aðferðum sem hefð er fyrir hérlendis.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um þessa starfsemi, svo sem um hvaða starfsemi er að ræða, hvað telst staðbundin starfsemi, skilyrði fyrir slíkri starfsemi, opinbert eftirlit og hvaða reglur um framleiðslu, markaðssetningu, hollustuhætti, merkingar, umbúðir, rekjanleika, geymslu og flutning gilda um slík matvæli. Einnig setur ráðherra reglur um skilyrði sem þarf að uppfylla til að hafi megi á boðstólum mat gegn gjaldi, sem matreiddur er í einkahýbýlum og veittur er sem liður í skipulagðri ferðaþjónustu.

Virðingarfyllst,



Jónas Guðmundsson,
Miðstræti 1,
415 Bolungarvík